

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 4. mars 2021
Mnr. 2021020087



ÍSAFJARÐARBÆR

Ísland ljóstengt 2021 - Minnisblað sviðsstjóra

Fjarskiptasjóður undirbýr nú fyrir hönd ríkisins lokaúthlutanir á styrkjum til sveitarfélaga á grundvelli verkefnisins Ísland ljóstengt, sem er tímabundið landsátak stjórnvalda í ljósleiðarauppbyggingu í dreifbýli utan markaðssvæða. Umsókn um styrk var send inn fyrir árið 2021, með fyrirvara um samþykkt bæjarráðs fyrir verkefninu. Um var að ræða svokallaða A umsókn og hefur hún náð í gegn yfir í B hluta verkefnisins.

Í áfanga A var sótt um fjóra leggi sem eru eftirfarandi

- Höfði Skutulsfirði
- Arnardalur við utanverðan Skutulsfjörð
- Staðardalur í Súgandafirði
- Ingjaldssandur
 - sjá meðfylgjandi umsókn

Áætlaður heildarkostnaður verkefnis er um 23 m. kr. þar af hlutur Ísafjarðarbæjar um 5 m. kr. fyrir utan framlag Ísafjarðarbæjar, er gert ráð fyrir mótframlagi Fjarskiptasjóðs, notenda og mögulegs samstarfsaðila. Á fjárhagsáætlun er fyrirhugað að endurnýja vatnslögn yfir í Staðardal í Súgandafirði þar er gert ráð fyrir 9 m. kr.- sem skiptist til helminga í vinnu og efnislið, verður sami skurður nýttur fyrir ljósleiðarann og streng frá Orkubúi, vegna lagnaleiðar yfir í Staðardal.